

H. G. Wells

I.

Grein eftir þennan mikla rit-
höfund í blaðinu Picture Post,
29. jan. þ. á., sem jeg hefi ekki
sjeð fyrir en nú, sýnir að honum
virðist styrjöld þessi sem nú er,
benda til þess, að mannkynið
sje ekki einungis á glötunar-
vegi, heldur á barmi glötunar-
innar. Þykir honum sem von-
er, mikils við þurfa, ef takast
á að bjarga framtíð mannkyns-
ins. Vill hann að öll ríki jarðar
læri að líta á sig sem tilheyr-
andi einni heild, og geri með
sjer nokkurskonar bandalag. Á
stjörnurnar minnst Wells ekki
í þessu sambandi, eins og hann
hefir þó áður gert, í þeirri sögu
— In the Days of the Comet —
sem jeg hygg að best sje eftir
hann, og að vísu mjög framúr-
skarandi snildarverk. Er það í
sögunni Galastjarna, sem á
skammri stundu gerbreytir svo
til batnaðar öllu mannkyni, að
unt verður að koma á hinni svo
mjög þráðu og nauðsynlegu
mannfjelagsumbót. Er í sög-
unni frá þessu gengið af hinni
mestu snild, en bæði af grein
þessari sem hjer ræðir um, og
öðru sem Wells hefir ritað, má
sjá að honum er þetta ekki nein
alvara, það er ekki annað en
skemtilegur skáldskapur. Hon-
um kemur ekki til hugar, að
setja stjörnurnar á neinn hátt
í samband við hina nauðsyn-
legu björgun mannkynsins frá
hinum yfirvofandi úrslitavoða.
Og getur það nú að vísu engum
á óvart komið, sem lesið hefir
hina miklu mannkynssögu

nans. Því að þar stendur (s.
25, útg. 1932): „Ef til vill er í
öllum alheimi hvergi til líf
nema á vorri jörð: ((life) is
perhaps-confined to our planet
alone in all the immensity of
space“.

Þarna má segja, að um sje
að ræða nokkurskonar endur-
upplekningu á heimsþröngsýn
miðaldanna, sem ælla mætti, að
líklegra hefði þótt að reka sig
á víðasthvar annarsstaðar en
hjá H. G. Wells. En ekki er
hann einn um þennan háska-
lega víðsýnisskort. Hinn stór-
frægi heimspekingur og stærð-
fræðingur Bertrand Russel hef-
ir í einhverri bók sinni mjög
líkt að orði komist um þetta
efni og H. G. Wells.

II.

Hve háskaleg slík þröngsýni
er, kemur vel í ljós, þegar þess
er gætt, að það er nú einmitt
til sljarnanna sem líta verður,
ef mannkyni jarðar vorrar á að
verða bjargað. Mennirnir verða
að læra að skilja tilgang lífsins
og hve mjög riður á að breyta
samkvæmt þeim tilgangi. En
þetta getur ekki orðið, ef ekki
verðum vjer aðnjótandi aðstoð-
ar frá lengra komnum mann-
kynjum sem aðrar stjörnurnar
byggja. Að öðrum kosti verður
helstefnunni haldið, og skamt
til slíkra tíðinda sem til er að
rekja sögur um ragnarök og
dómsdag. Því að slíkt eru sögur
úf úrslitaféindum, sem gerst
hafa á jarðstjörnum þar sem
mannkyn hefir ekki náð að
iverfa frá helstefnunni.